

241. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

Föstudaginn 13. desember 2019

Mættir:

Stjórnarmenn: Katrín Sigurjónsdóttir formaður boðaði forföll, Hilda Jana Gísladóttir varaformaður, Valtýr Hreiðarsson, Finnur Yngvi Kristinsson, Ásgeir Örn Blöndal og Unnar Jónsson.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Sunna Guðmundsdóttir. Elva Gunnlaugsdóttir og Baldvin Valdemarsson rituðu fundargerð.

Varaformaður setti fundinn, sem haldinn var í Hafnarstræti 91, Akureyri, kl. 10.30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Raforkuflutningar

Stjórn AFE ályktar eftirfarandi:

Stjórn AFE lítur atburði síðustu sólarhringa grafalvarlegum augum og harmar að opinberir innviðir samfélagsins hafi brugðist í því veðuráhlaupi sem nú gekk yfir. Þessi staða ætti ekki að koma á óvart, í yfir áratug hefur verið bent á nauðsyn þess að styrkja flutningskerfi raforku. Öryggi íbúa, hvar svo sem þeir búa, þarf að vera forgangsmál þjóðarinnar. Ótryggt raforkukerfi og innviðir skapa aðstæður sem eru algjörlega óásættanlegar í nútíma samfélagi.

2. Staða sameiningar, næstu skref

Varaformaður fór yfir næstu skref sameiningar sem gengur í gildi um áramót. Auglýst hefur verið eftir framkvæmdastjóra nýs félags.

3. Eimur

Sunna Guðmundsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Eims í hlutastarfi tímabundið, hún kynnti starfsemi Eims og hvað væri framundan. Landsvirkjun, Norðurorka og ný landshlutasamtök hafa lýst yfir áhuga á að halda þessu samstarfi áfram. Stjórn AFE fagnar framtakinu og bindur vonir við framtíð verkefnisins.

4. Brothættar byggðir

BB verkefnið í Hrísey klárast um áramót, leggja þarf áherslu á að sinna verkefninu áfram. Verkefnið í Grímsey verður framlengt um ár en ráða þarf verkefnastjóra til að sinna því.

5. Akureyrarflugvöllur

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson vann úttekt fyrir AFE á rekstri og mannvirkjum Akureyrarflugvallar. Niðurstaðan er skýr, völlurinn er ekki sjálfbær og þyrfti árlegt rekstrarframlag frá ríkinu að vera 770 – 900 milljónir. Uppsöfnuð viðhaldspörf er um 2 milljarðar króna. Aðflugsbúnaður og tækjakostur er í viðunandi ástandi. Flugstöð og flughlað eru óviðunandi og bráð þörf fyrir úrbætur.

Markaðsstofa Norðurlands stefnir að því að halda fund um flugmál fimmtudaginn 19. desember. Framkvæmdastjóri kynnti drög að skýrslu Jóns Þorvaldar Heiðarssonar um áætlaða arðsemi beins flugs til Akureyrar. Skýrslan sýnir framá verulega aukningu landsframléiðslu af auknu alþjóðaflugi

um Akureyrarvöll. Stjórn AFE ítrekar afstöðu sína um mikilvægi uppbyggingar á reglubundnu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll.

6. Önnur mál

Skýrsla er í vinnslu um mögulegar iðnaðar- og atvinnulóðir í Eyjafirði.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 12:15

Hilda Jóna Raskad.


